




Árskógsströnd

Nokkrar ástæður fyrir því að þú ættir að kíkja í heimsókn á gullströndina



Árskógsströnd er fallegt svæði í Dalvíkurbyggð.
Árskógsströnd er byggðarlag við vestanverðan Eyjafjörð. Á ströndinni eru tvö sjávarþorp, Hauganes og Árskógssandur, en einnig eru margir sveitabæir.



Árskógströndin státar af því að Helgi magri nam land í Eyjafirði og hafði vetur setur á Hámundastöðum. Einnig hvílir Hrærekur konungur einn konunga í íslenskri moldu í landi Hátúns og er Hrærekshóll nú friðaður. Ekki má svo gleyma henni illræmdu Þórkötlu sem bjó í Kálfsskini, en hún var síðan dysjuð við Kötluhól. Fannst öllu þessu fólki þess vert að stoppa við hér á ströndinni góðu og sumir eru hér enn.

Á Árskógsströnd er fallegt umhverfi og margt hægt að skoða. Á veturna eru oft lögð gönguskíðaspor sem hægt er að ganga í til að skoða umhverfið og njóta útivistar.



Í kringum Árskógarskóla er hægt að spila fótbolta, frisbý golf og leika sér í fallegu umhverfi.



Fallegar gönguleiðir eru á þessu svæði og hægt að ganga milli byggðarkjarna með viðkomu í skólanum. Þá er hægt að labba inn í Þorvaldsdal og fara inn að kofanum Derri sem er inn í dalnum. Hægt er að gista í kofanum og veiða í vatninu sem er þar hjá en því miður er ekki lengur mikið af fiski þar.

Stór og fallegur Álfasteinn er milli Hauganesar og Árskógarskóla. Steinninn heitir Grásteinn en er oft nefndur Steinkotsteinn í höfuðið á Steinkoti, bæ sem stóð þar hjá. Börn hafa oft farið og gefið álfunum kex og mjólk til að halda þeim góðum. Annar steinn, sem vert er að kíkja á ef maður á leið um ströndina, er steinninn Guddi en hann stendur út í sjó og líkist einna helst hesti. Þann stein sér maður ef maður fer og gengur eftir strandlengjunni.



Fjöllin hér í kringum okkur eru tvö, Kötlufjall og Krossafjall en það nefnist líka Sólarfjall. Þau fjöll eru skemmtileg til að ganga á en þá er líka hægt að ganga styttra og fara eingöngu upp á Kötluhólinn í Kötlufjalli eða að dropasteininum í Krossafjalli.

Brúarhvammsreitur er skógreiturinn okkar og þar er hægt að setjast niður og nærast. Gangu í fallegu umhverfi með Þorvaldalsá á annarri hendi og skóginn á hinni. Algengt er að sjá hina ýmsu fugla í skóginum.

Fyrir þá sem lenda í vandræðum með bílinn sinn þá er gott bílaverkstæði á svæðinu en einnig er byggingarfyrtæki sem býður einnig uppá hina ýmsa þjónustu á vélum og tækjum.

Árskógsandur

Fallegur staður sem gaman er að leyfa börnunum að fara út



að leika en þar er fótboltavöllur, leiktæki og hoppubelgur. Þar er hægt að fara í bjórböðin en það er veitingarstaður, bjórspa og hægt að fara í heita potta og gufu. Þá er einnig bruggsmiðjan Kaldi sem

framleiðir bjór.

Keramikloftið er fyrirtæki sem selur allskonar vörur úr keramíki. Hægt er að kaupa allt til alls í slíka gerð og virkilega gaman að koma við og skoða.



Á Árskógssandi er ferjubryggja fyrir ferjuna sem fer til Hríseyjar. Í Hrísey er hægt að fara í sund, leigja traktor og fara út að borða.

Hauganes

Hauganes er annað skemmtilegt svæði sem gaman er að koma við á. Þar er skemmtilegt svæði til að leika sér á en það er einnig fótoltavöllur, leiktæki og hoppubelgur. Hægt er að fara í heita potta sem eru alveg niður í fjöru, skreppa á Baccalá bar og fá sér að borða.



Whale watching Hauganesi er fyrirtæki sem er virkilega skemmtilegt að fara í hvalaskoðun hjá. Hægt er að grípa í veiðistöng og prófa sjóstangveiði og ef maður veiðir eitthvað fær maður aflann með heim. Í öllum ferðum eru reyndir leiðsögumenn sem gera ferðina eftirminnilega. Þeir hafa einnig verið að bjóða uppá leigu á kajak.



Höfundar bæklings: Nemendur í 4-7 bekk Árskógar skóla.